



**Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2023 – 2024**

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| 1. Formáli..... | 3 |
| Inngangur..... | 3 |
| 2. Leiðarljós leikskólans | 4 |
| Skólastarfið | 5 |
| 3. Mat á skólastarfi | 5 |
| Innra mat leikskólans..... | 5 |
| Innra og ytra mat 2022-2023..... | 6 |
| Umbótaáætlun | 7 |
| 4. Áherslur í starfi leikskólans..... | 7 |
| Þróunar- og nýbreytnistarf..... | 7 |
| 5. Foreldrasamstarf | 8 |
| Foreldraráð | 8 |
| Foreldrafélag | 8 |
| 6. Starfsmannamál..... | 8 |
| Samsetning starfsmannahópsins..... | 8 |
| 7. Símenntunaráætlun..... | 9 |
| Skipulagsdagar | 9 |
| 8. Aðrar upplýsingar | 9 |
| Fjöldi barna | 9 |
| Húsnæði og lóð..... | 10 |
| Skólaárið 2022 - 2023 | 10 |
| Ósk um viðhald skólaárið 2023 – 2024..... | 10 |
| Öryggismál | 11 |
| 9. Fylgigögn..... | 12 |
| Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun ytra mats 2023..... | 13 |
| Fylgiskjal 2 Símenntunaráætlun Álfaheiði 2023-2024..... | 15 |
| Fylgiskjal 3..... | 17 |
| Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs | 18 |

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólabróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

Inngangur

Leikskólinn Álfaheiði er rekinn af Kópavogsbæ og hóf starfsemi sína 1. desember 1990. Leikskólinn er fjöggra deilda og þar dvelja að jafnaði 79 börn á aldrinum 1-6 ára frá klukkan 7:45-16:30, þó lokar deild yngstu barnanna klukkan 16:00. Leikskólinn er 602 m² að stærð og lóðin er 3120 m². Í leikskólanum Álfaheiði er unnið í anda námsefnisins Lífsmenntar (e. Values based Education), þar sem átta jákvæðum lífsgildum er fléttað inn í allt skólustarf á tveggja ára tímabili.

2022-2023

Skólaárið 2022-2023 var sérstök áhersla á eftirfarandi gildi: frið, kærleika, umburðarlyndi og hugrekki. Leikskólinn fékk styrk frá leikskóladeildinni til þess að setja filmur í glugga og gera gildin sýnileg utan frá. Filmurnar eru tákmyndir gildanna og skarta listaverkum eftir börnin.

Álfaheiði ásamt fjórum öðrum leikskólum í Kópavogi hlutu í nóvember 2022 viðurkenninguna Réttindaleikskóli UNICEF fyrstir allra leikskóla í heiminum. Í viðurkenningunni felst að í leikskólanum sé markvisst stuðlað að lýðræði og staðið vörð um réttindi barna samkvæmt Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Áttundi Grænfáni Landverndar var dreginn að hún í apríl 2023 við hátíðlega athöfn og þemu leikskólans í umhverfismennt eru lýðheilsa, neysla og úrgangur, en þemu leikskólans í umhverfismennt voru á síðasta tímabili átthagar - landslag og hnattrænt jafnrétti.

Leikskólinn Álfaheiði hlaut styrk vegna verkefnisins Foreldrafræðsla-Leikskólinn Álfaheiði úr Forvarnarsjóði 2023. Sérkennslustjóri Álfaheiði, sem jafnframt er með meistaragráðu í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf, mun þróa fræðslu til foreldra leikskólabarna, sem foreldrum Álfaheiði stendur til boða á komandi skólaári.

Leikskólinn hlaut auk þess styrk úr Þróunarsjóði Kópavogs í júní 2023, sem ætlað er að styðja við áframhaldandi þróun fundardagatala og gátlista og hvernig best megi nýta innra mat sem tækifæri til umbóta og þróunarstarfs í leikskólanum.

Lausnarteymi leikskólans hóf störf og er virk stoð í starfinu. Foreldrar og börn í Álfaheiði tóku þátt í stöðlun á nýju þroskaþrófi á vegum háskóla Íslands.

28 starfsmenn leikskólans tóku þátt í náms- og kynnisferð til Berlínar í maí 2023. Ferðin var farin á vegum Endurmenntunarferða, heppnaðist frábærlega og er góður liður í að efla liðsheild starfsmannahópsins.

Starfsmannakönnun var framkvæmd fyrir Kópavog á vegum Prósent í maí 2022 og niðurstöður

voru kynntar stjórnendum haustið 2022. Niðurstöður gáfu til kynna starfsánægju vel yfir meðaltali en jafnframt mikið álag í starfi. Vinnustyttingin var sérstaklega álagsvekjandi á síðasta skólaári þar sem börnin voru nánast öll í lengri dvöl en almennur vinnutími starfsfólks og engin afleysing var til staðar vegna vinnustyttingar. Vinnuvika 100% starfsmanns var 36 klukkustundir en flest börn dvöldu í 40-45 stundir. Foreldrakönnun var framkvæmd í mars 2023 og umbótaáætlun verður birt á heimasíðu leikskólans.

2023-2024

Breytingar Kópavogs í leikskólamálum “Barnið í fyrsta sæti” hafa nú þegar haft jákvæð áhrif á starfið í Álfaheiði og dregið úr álagi fyrst á morgnanna og í lok dags. Nú þegar hafa tæp 60% foreldra styttdvalartíma barna sinna eitthvað og þar af dvelja tæp 25 % barna nú í 30 gjaldfrjálsar stundir á viku. Viðhorf starfsfólks er jákvætt og við bindum vonir við að lokanir um hátíðir og í vetrarleyfum muni draga verulega úr því álagi sem hefur skapast vegna vinnustyttingar.

Gildi skólaársins í lífsmennt 2023-2024 eru virðing, samvinna, ábyrgð og þakklæti og í umhverfismennt er unnið með þemun lýðheilsa, neysla og úrgangur.

Á komandi skólaári 2023-2024 verður áfram unnið að innleiðingu á markvissu innra mati, þar sem styrkur Þróunarsjóðs kemur að góðu gagni. Fjölbreyttar nefndir eru starfandi innan skólans sem hafa skilgreind markmið, hlutverk og tíma til samráðs. Nefndirnar tryggja aðkomu allra starfsmanna og þær eru vettvangur fyrir ígrundun og endurmat og stuðla að skólaþróun. Tímaskortur er helsta áskorunin og því verður styrkurinn nýttur til þess að funda utan hefðbundins vinnutíma. Sá grunnþáttur menntunar sem metinn verður á komandi skólaári er: Sköpun og menning.

Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf mun standa foreldrum Álfaheiði til boða í vetur, þökk sé styrk úr forvarnarsjóði Kópavogs. Fjórir fræðslufundir eru skipulagðir á skólaárinu auk þess sem foreldrar geta óskað eftir einstaklingsráðgjöf.

Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru auk þess, fyrir hönd leikskólans, þátttakendur í þróunarverkefni á vegum HÍ varðandi foreldrafræðslu. Á komandi vetri mun innleiðing breytinga á aðalnámskrá leikskóla setja mark sitt á áherslur í leikskólastarfinu.

Foreldrum barna í Álfaheiði verður á skólaárinu boðið upp á foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf og Álfaheiði er jafnframt þátttakandi í þróunarverkefni með Háskóla Íslands varðandi foreldrafræðslu og uppeldisnámskeið.

Innleiðing á breyttri aðalnámskrá leikskóla hefst á skólaárinu og stefnt er að því að starfsmannahópurinn fari í náms- og kynnisferð innanlands á vormánuðum 2024.

2. Leiðarljós leikskólans

Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins og helsta náms- og þroskaleið barna. Í leikskólanum Álfaheiði er unnið í anda námsefnisins Lífsmenntar (Values based Education) og einkunnarorð leikskólans eru: **Deilum gildum okkar til að skapa betri heim.** Með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi var lagður grunnur að markmiði og hlutverki lífsmenntakennslunnar. Skólar sem vinna með gildi leggja aðaláherslu á jákvæðni, gleði og kærleiksrík samskipti og meginmarkmiðið er að byggja upp jákvæða sjálfsmynd barna, siðvit og að þau læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Skólastarfið

Lífsgildunum er fléttað á fjölbreyttan hátt inn í námið með það að markmiði að undirbúa nemendur betur undir lífið. Áhersla er á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Unnið hefur verið markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2010.

Álfaheiði er Réttindaskóli UNICEF en í því felst að byggja upp lýðræðislegt umhverfi í leikskólanum, standa vörð um réttindi barna og rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi. Réttindaskólaverkefnið byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er alþjóðlegt verkefni sem snýst um að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda.

Leikskólinn Álfaheiði er jafnframt Sólblómaleikskóli, en börn, foreldrar og starfsmenn í leikskólanum styrkja í sameiningu framfærslu Isabellu sem býr í barnaþorpi SOS í Tansaniu. Við fræðumst saman um hag hennar og annarra barna sem búa við misjafnar aðstæður um allan heim ásamt því að leggja okkar af mörkum til að gera heiminn að betri stað fyrir alla.

Við vinnum með forvarnarverkefnið Vináttu, frá Barnaheill, sem fellst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag og eiga góð samskipti.

Leikskólinn leggur áherslu á sjálfbærni og umhverfismennt og hefur flaggað Grænfánanum frá 2008 en hann er alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum.

Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun í leikskólanum í samvinnu við foreldra þ.e. mikilvægi þess að hafa jákvæð áhrif á þroskaframvindu barna með markvissum aðgerðum eins snemma og unnt er. Markmið með snemmtækri íhlutun er að tryggja að öll börn fái jöfn tækifæri og nái hámarksárangri hvað varðar alhliða þroska þeirra og velferð.

3. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Álfaheiði eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

| Matsþættir | 2022-2023 | 2023-2024 | 2024-2025 | 2025-2026 |
|--|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Stjórnun | | | | |
| Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi | | x | | x |
| Stjórnun skólans og daglegur rekstur | | x | | x |
| Faglegt samstarf | | x | | x |
| Leikskólaþróun og símenntun | | x | | x |
| Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur | x | x | x | x |
| Uppeldis- og menntastarf | | | | |
| Skipulag náms og námsaðstæður | x | x | x | x |
| Uppeldi, menntun og starfshættir | x | x | x | x |
| Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka | x | | x | |
| Námssvið leikskólans | x | x | x | x |
| Leikskóli margbreytileikans | | x | | x |
| Mat á námi og velferð barna | x | x | x | x |
| Mannauður | | | | |
| Hlutverk leikskólakennara | | x | | x |
| Fagmennska starfsfólks | | x | | x |
| Starfsánægja | | x | | x |
| Leikskólabragur | | | | |
| Viðmót og menning | | x | | x |
| Velferð og líðan barna | x | x | x | x |
| Þátttaka foreldra í leikskólastarfi | x | | x | |
| Viðhorf foreldra | x | | x | |
| Innra mat | | | | |
| Skipulag og viðfangsefni | | x | | x |
| Gagnaöflun og vinnubrögð | | x | | x |
| Opinber birting og umræður | | x | | x |

Innra og ytra mat 2022-2023

Innra mat 2022-2023

Grunnþátturinn Heilbrigði og velferð var metinn með þar til gerðum matslistum frá Kópavogsbæ. Gátlisti fyrir innra mat er í stöðugri þróun og endurbætt útgáfa var prufukeyrð síðasta skólaár. Tilgangur gátlistans er að áætla, meta og þróa innan hversrar deildar m.a.: daglegt starf, fundi, skipulag, mat barna, þátttöku í sí- og endurmenntun starfsfólks, viðburði, foreldrasamstarf og stjórnun.

Nefndir sem skipaðar eru fulltrúum hversrar deildar og skólastjórnendum hittust reglulega, mátu og samræmdu áherslur varðandi: Lífsmennt-, Umhverfisstörf, Innra mat, þróunarverkefni um Réttindaskóla, Barnasáttmála og fyrirkomulag vinnustyttingar.

Teymisfundir vegna barna með sérþarfir voru reglulega sem og að lausnarteymi leikskólans fundaði reglulega. Deildarstjórar og aðrir stjórnendur funduðu auk þess reglulega til samráðs, ígrundunar og mats. Starfsmenn með leikskólakennaramenntun funduðu og einnig voru samráðsfundir með Álfhólsskóla varðandi samstarf á milli skólastiga, fundargerðir ofangreindra funda eru ritaðar og aðgengilegar hlutaðeigandi.

Skemmtinefnd, starfsmannafélag og ferðanefnd funduðu varðandi þætti og viðburði sem snúa að starfsanda á vinnustað.

Börnin mátu meðal annars: Vináttu (Eiga öll börn vin?), Hvað er skemmtilegt að gera í leikskólanum; Hvað felst í þeim gildum sem áhersla var á síðasta vetur, hvað leikskólakennari gerir, hvað mér finnst, hvað er boðið upp á í hádegisverð í leikskólanum, leik á lóð leikskólans, leikefni inni og úti og samskipti við jafnaldra.

Verkefnið Okkar leikskóli var framkvæmt á skólaárinu. Kópavogsbær úthlutaði fjármagni (1000 krónur á hvert barn í leikskólanum) og börnin ákváðu á lýðræðislegan hátt hvernig peningnum skildi varið til þess að gera leikskólann betri.

Eftirfarandi mælitæki (EFI-2, TRAS og HLJÓM-2) eru nýtt markvisst til þess að skima málþroska og hljóðkerfisvitund allra barna í leikskólanum á mismunandi aldri. Markmiðið er að greina frávik í málþroska, grípa til snemmtæktrar íhlutunar þar sem þess er þörf og veita markvissa málörvun.

Ytra mat 2022-2023

Matsteymi um gæði leikskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfi.

Skólapúlsinn lagði fyrir viðhorfskönnun foreldra sem fór fram í mars 2023. Umbótaáætlun hefur verið unnin úr athugasemdum foreldra, sjá fylgiskjal 1.

Í maímánuði 2022 fór fram ýtarleg vinnustaðgreining hjá Kópavogsbæ á vegum Prósent. 26 starfsmenn leikskólans svöruðu spurningum könnunarinnar og niðurstöður hennar voru kynntar stjórnendum á haustmánuðum. Niðurstöðu greiningarinnar voru mjög jákvæðar og starfsandi mældist afar jákvæður en starfsmenn upplifðu þó meira álag í starfi en áður.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í leikskólanum Álfaheiði er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

4. Áherslur í starfi leikskólans

Þróunar- og nýbreytnistarf

Mat á skólastarfi og skólapróun er ofarlega á baugi í leikskólanum Álfaheiði. Leikskólinn hlaut styrk úr þróunarsjóði Kópavogs til þess að þróa innra mat í leikskólanum: gátlista og fundardagatal. Jafnframt fékk leikskólinn styrk úr forvarnarsjóði Kópavogs til þess að þróa fræðslu til foreldra leikskólabarna. Innleiðing farsældarfrumvarps með samþættingu þjónustu við börn og fjölskyldur er hafin sem og innleiðing á breyttri aðalnámskrá leikskóla. Eins og kom fram í inngangi eru áherslur komandi skólaárs að þróa áfram og samræma það góða starf sem unnið er í leikskólanum með sameiginleg gildi og grunnþætti menntunar að leiðarljósi.

5. Foreldrasamstarf

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Upplýsingar berast til foreldra á upplýsingatöflu í fataherbergjum deilda, með tilkynningum í gegnum Völu, í tölvupósti og á heimasíðu leikskólans.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða.

6. Starfsmannamál

Samsetning starfsmannahópsins

Í Álfaheiði starfar öflugur starfsmannahópur með fjölbreytta reynslu og menntun.

Í leikskólanum er gert ráð fyrir 12,08 stöðugildum vegna barngilda, 100% stöðu leikskólastjóra, 30 % stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50 % stöðu sérkennslustjóra og 1,75 % stöðugildi í eldhúsi. Að auki er 2,70 stöðugildi til afleysinga vegna veikinda og undirbúningstíma kennara. Vegna sérkennslu barna sem hafa þörf fyrir tímabundna eða væga íhlutun er 0,96 % stöðugildi.

Til viðbótar eru stöðugildi vegna sérkennslu barna sem hafa þörf fyrir sértækan stuðning, en fjöldi stöðugilda vegna þess er breytilegur og fer eftir samsetningu barnahópsins hverju sinni.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglunga til starfa í leikskólum Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin, síðastliðið sumar störfuðu fjögur ungmenni á vegum vinnuskóla Kópavogs í leikskólanum Álfaheiði.

2022-2023

Síðasta starfsár var úthlutun stöðugilda 12.08 vegna barngilda og til viðbótar 5,75 stöðugildi vegna sérkennslu barna (í fyrsta og öðrum flokki) sem hafa þörf fyrir sértækan stuðning. Vegna mikillar sérkennslu jókst stöðugildi sérkennslustjóra um 25%, úr 50% í 75% frá og með 1. febrúar 2023.

Tveir starfsmenn voru í fæðingarorlofi, tveir leikskólakennarar, einn sérkennari og einn leiðbeinandi voru í langtíma- og hlutaveikindum á skólaárinu.

2023-2024

Á komandi skólaári 2023-2024 eru til viðbótar við úthlutuð stöðugildi, 7,25 stöðugildi vegna sérkennslu barna sem hafa þörf fyrir sértækan stuðning. Að auki fékkst leyfi til tveggja barna fækkunar (úr 79 í 77 börn) sem endurskoðast um áramót.

Leikskólaárið 2023-2024 munu starfa í leikskólanum Álfaheiði auk leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra, sex leikskólakennarar með deildarstjórn, þrjú leikskólakennarar, einn starfsmaður með B.Ed. í leikskólakennarafræðum og einn með B.A. í uppeldis og menntunarfræði. Einn þroskaþjálfari, fjórir með aðra háskólamenntun og tólf

leiðbeinendur eru starfandi á deildum í mismiklu starfshlutfalli eða tímavinnu.

Matráður og aðstoðar-matráður eru starfandi í eldhúsi og að auki veitir Kópavogsbær hálf tæðugildi fyrir fatlaðan starfsmann.

Einn starfsmaður er barnshafandi í veikindaleyfi. Einn leikskólakennari og einn leiðbeinandi eru væntanlegir til vinnu eftir lok fæðingarorlofs á skólaárinu.

7. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári.. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

1. **Föstudagurinn. 29. september** Mat á skólastarfi- -deildarfundir - árgangafundir- aðalfundur starfsmannafélags- kosning trúnaðarmanna FL og SKF- önnur mál
2. **Miðvikudaginn 15.nóvember** Öryggismál, skyndihjálparnámskeið, innleiðing breytinga á aðalnámskrá leikskóla, Deildir kynna hvernig unnið er með lífsmennt og Barnasáttmálann.
3. **Þriðjudagurinn 2.janúar** – deildarfundir- Fræðsla um samþætta þjónustu og breytingar í leikskólamálu, börnin í fyrsta sæti- vinnustytting o.fl.
4. **Þriðjudagurinn 12.mars** – deildarfundir- kynning á símenntun starfsfólks- leikfni kynningar-leikumhverfi, mat barna/Réttindaskóli
5. **Föstudagurinn 10. maí** deildarfundir: mat á vetrarstarfi, unnið úr niðurstöðum starfsmannakönnunar og mótun umbótaáætlunar.

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau (fjöldi námskeiða er að auki í boði á fræðslutorgi á vef Kópavogsbæjar).

8. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Í Álfaheiði dvelja að jafnaði 79 börn, á aldrinum eins til sex ára, en vegna mikillar sérkennslu er tímabundin tveggja barna fækkun sem endurskoðast um áramót.

Mikil og jákvæð breyting hefur orðið á dvalartíma barna í leikskólanum eftir að aðgerðir Kópavogsbæjar “Börnin í fyrsta sæti” tóku gildi 1. september 2023.

Fyrir einu ári, í október 2022 var meðal dvalartími barna í Álfaheiði átta stundir á dag en meðal dvalartími hefur nú minnkað niður í tæplega sjö og hálf klukkustund á dag. Mest hefur dregið úr dvalartíma yngstu barnanna en meðal dvalartími þeirra er nú sjö klukkustundir og tíu mínútur á dag.

Samsetning barnahópsins er sem hér segir:

1 barn fætt 2022

13 börn fædd 2021

25 börn fædd 2020

18 börn fædd 2019

20 börn fædd 2018

Um áramót er þó gert ráð fyrir að við bætist tvö börn fædd 2022.

Skólaárið 2023-2024 eru 21 tví- eða fjölyngd börn: fjórtán börn sem eiga báða foreldra með annað móðurmál en íslensku og sjö börn eiga annað foreldri með annað móðurmál en íslensku, frá tíu þjóðlöndum.

Sérkennsla og sértækur stuðningur fer að mestu fram í daglegu starfi, í eins fámennum hópum og aðstæður leyfa hverju sinni, en einstaklingsþjálfun fer einnig fram með þeim börnum sem þess þurfa. Sérkennslustjóri vinnur skýrslu á hverju vori þar sem tölulegum upplýsingum, framkvæmd og leiðum í sérkennslu síðasta vetrar er lýst.

Skólaárið 2023-2024 er áætlað að 41 barn, eða 53% nemenda njóti einhverskonar sérkennslu á skólaárinu af ýmsum ástæðum. 7,25 stöðugildum (58 klukkustundum á dag) hefur verið úthlutað vegna 15 barna sem þarfnast sértæks stuðnings og 26 börn sem vitað er, hafa þörf fyrir tímabundinn stuðning eða málörvun.

Húsnæði og lóð

Skólaárið 2022 - 2023

Nýr gólfdukur var lagður á gangi, í starfsmanna-álmú og á deild elstu barna.

Veggir voru málaðir í kaffistofu, vinnuherbergi kennarar og skrifstofu.

Fjögur ný rafstýrð skrifborð voru keypt í vinnuherbergi kennara og skrifstofu.

Nýr hornsófi í keyptur fyrir kaffistofu starfsfólks.

Nýr skjalaskápur keyptur á skrifstofu.

Filmur voru settar í glugga og hurðar með tákmyndum gildanna.

Gert var við rakaskemmdir í steypu undir hornlugga.

Gert var við tvær hurðar og glugga á suðurhlíð hússins.

Lýsing var bætt á lóð og á bílastæði.

Ný girðing reis umhverfis lóðina.

Tré og runnar voru fjarlægðir af lóð.

Ný fánastöng utan lóðar og önnur ný innan lóðar, í stað þeirrar sem skemmdist í snjómokstri.

Pallar og girðingar fúavarðar og málað framan á þrep og misfellur vegna barna með sjónskerðingu.

Ósk um viðhald skólaárið 2023 – 2024

Leikskólinn Álfaheiði opnaði 1. desember 1990 og þörf er á stöðugu viðhaldi á húsi og lóð, innan sem utan.

-Skipta úr klósettum á Brekku og Hjalla og fá í staðinn upphengd barnaklósett.

-Pússa og lakka bekkir í fataherbergjum Hjalla og Brekku.

-Hækka þarf hurðarhúna á tveimur eldvarnahurðum (Brekku og Hlíð-yngstu deildum) sem vísa inn í alrými, til að tryggja öryggi barna.

-Þarft er að mála útidyrhurðar og gluggakarma.

- Mála alrými og deildir og lagfæra göt í gifsveggjum.
- Skipta út ónýtum gúmmímottum á lóð (bæði eldri og yngri barna) og setja þar gervigras.
- Færa sandkassa á lóð eldri barna og bæta við leiktækjum á lóð.
- Lagfæra klæðningu utanhúss (naglar standa víða út).
- Skipta út Triptrap stólum fyrir léttari barnastóla.
- Útbúa vinnurými fyrir starfsfólk á háalofti.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti. Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

Skólaárið 2022-2023 urðu 6 minniháttar slys á börnum og eitt minniháttar slys á starfsmanni.

9. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun ytra mats 2023

Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 – umsögn foreldraráðs

Höfundar: Anna Rósa Sigurjónsdóttir leikskólastjóri og Rakel Ýr Isaksen aðstoðarleikskólastjóri.

| Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun ytra mats 2023 | | | | |
|--|--|---|---|---|
| | Tækifæri til úrbóta | Aðgerðir | Ábyrgð | Viðmið um árangur |
| Upplýsinga miðlun og samskipti | Minna á viðburði í leikskólanum með lengri fyrirvara. | Benda reglulega á skóladagatal og "á döfinni": á heimasíðu leikskólans, á töflu í fataherbergjum, á Sway, í hálfsmánaðarlegum tölvupósti deildarstjóra og tölvupósti frá stjórnendum. | Starfsmenn og stjórnendur | Að engir viðburðir komi foreldrum á óvart. |
| | Ýtarlegri upplýsingar til foreldra um dagleg verkefni. | Láta reglulega vita (í hálfsmánaðarlegum tölvupósti) m.a. hvaða lög er verið að syngja, hvaða bækur er verið að lesa og hvernig verkefni er verið að vinna á deildum. | deildarstjórar | Að allir foreldrar eru upplýstir um dagleg viðfangsefni í leikskólanum og tengsl við aðalnámskrá leikskóla. |
| | | Bjóða ýtarlega kynningu á starfi deilda á foreldrafundi að hausti. Upplýsingar og fræðsla með myndaskráningu í Sway. | | |
| | Bæta skráningu í Völu hvernig börn hvílast og borða | Að hver starfsmaður við matarborð og í hvíld, sjái um að skrá í Völu fyrir ákveðinn hóp barna. | Allir starfsmenn | Að heimili hafi aðgang að upplýsingum um fæði og svefn barns daglega. |
| | Tryggja að öll skilaboð komist áleiðis. | Öll dagleg skilaboð frá heimili eru skrifuð í samskiptabók á deild barns. | Allir starfsmenn | Allir starfsmenn deilda eru upplýstir um mikilvæg skilaboð. |
| | | Hringja strax í foreldra ef eitthvað bjátar á, ekki bíða þar til í lok dags. | Allir starfsmenn | Að starfsmaður sem verður vitni að óhappi hafi sjálfur samband við foreldra. |
| | | Starfsmaður ritar mikilvæg skilaboð til heimilis í samskiptabók og setur merki um að <i>skilaboð bíði foreldris</i> , í hólfi barns. | Allir starfsmenn | Að tryggja að skilaboð komist áleiðis til heimilis þrátt fyrir að starfsmaður hafi lokið vinnudegi. |
| | Að stykja tengsl við foreldra | Hafa oftari orð á jákvæðri hegðun barna, við foreldra. | Allir starfsmenn deilda | Að forráðamenn og starfsfólk kunni deili á hvert öðru. Að skapa traust milli foreldra og starfsfólks. |
| | | Stafsmenn kynna sig fyrir öllum foreldrum og bera nafnspjöld. (sérstaklega á haustin) | Allir starfsmenn | |
| | | Myndir af starfsfólki deilda og nöfn þeirra sýnileg í fataherbergi. | deildarstjórar | |
| Skerpa eftirfylgd með börnum í útiveru. | | Allir starfsmenn | Að starfsmenn hafi yfirsýn yfir hvar hvert barn er staðsett á lóð í lok dags. | |

| | Tækifæri til úrbóta | Aðgerðir | Ábyrgð | Viðmið um árangur |
|-----------------------|--|---|-------------------------------------|---|
| Daglegt starf | Of mörg börn í aðlögun í einu | Mögulegt að taka fámennari hópa í senn í aðlögun og lengja þar með aðlögunartíma nýrra barna. Bjóða upp á tvo ólíka tíma dags fyrstu tvo til þrjá daga barns í aðlögun. Að foreldrar hafi val um að vera í hópaðlögun eða byrja seinna í meira einstaklingsmiðaðri aðlögun. | deildarstjórar | Að tryggja að aðlögunartími veiti öllum börnum öryggi og vellíðan í leikskólanum og tækifæri til að mynda traust tengsl við foreldra. |
| | Mat barna og þátttaka í ákvarðanatöku | Að skoða og skrá fjölda verkefna sem börnin leggja mat á, á hverri deild. Þannig sjáum við hvar möguleikarnir eru fyrir aukna þátttöku barnanna. | Allir starfsmenn | Að öll börn hafi tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt og að markvisst sé stuðlað að lýðræði í leikskólanum. |
| | Aðlaga hvíldartíma að aldri barna | Að bjóða fjölbreyttari möguleika fyrir börn sem eru hætt að sofa. T.d. að bjóða sögustundir án þess að leggjast út af. Stytta hvíldartíma. Bjóða róleg verkefni eftir stutta jóga/slökunarstund. | deildarstjórar | Að barnahópurinn nái hvíld og slökun. |
| | Meira úrval af krefjandi verkefnum. | Kennarar finna til verkefni um t.d. tölur og stafir, spil og púsl sem eru krefjandi og tilbúin að grípa til þegar þarf. | Deildarstjórar og leikskólakennarar | Að öll börn fái verkefni við hæfi. |
| | Of mikil dagskrá | Að leita leiða til þess að veita frjálsa leiknum enn meira rými í dagskipulagi deilda. | Allir starfsmenn | Að allir starfsmenn séu meðvitaðir um sitt hlutverk í leik barna. |
| Húsnæði og lóð | Útisvæði óspennandi og þreytt | Fleiri og fjölbreyttari leiktæki. | Kópavogsbær | Að leikskólalóðin sé skemmtileg og bjóði upp á fjölbreytt námstækifæri. |
| | | Að bjóða fjölbreytt og skapandi tilboð á lóð. | Allir starfsmenn | |
| | Of mörg börn á deild, vantar meira rými á deildum. | Fleiri felliborð á deildum Skípta barnahópnum enn meira. | Allir starfsmenn | Að nýta rými leikskólans sem best. |

| Fylgiskjal 2 Símenntunaráætlun Álfaheiði 2023-2024 | | | | | | |
|---|------------------------------------|--|--|--|-------------------------|--|
| Pátttakendur | Lýsing | Markmið | Dagsetning | Tímafjöldi | Kostnaður | Ábyrgð |
| Starfsfólk deilda | Deildafundir | Upplýsingagjöf, samráð, fræðsla, umræður um starfið og fleira | Mánud. 9:45-11:00 Skipulagdagar | 75 mín á þriggja vikna fresti, hver deild 120 mín. | Unnið í vinnutíma | Deildastjórar |
| Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, sérkennslustjóri og matráður | Deildastjórafundir | Bókun næstu viku, miðlun upplýsinga, umræður um starfið, ákvarðanatáka og samráð stjórnenda-teymis. | föstud. kl:12:45-14:00 | 75 mínútur einu sinni í viku. | Unnið á vinnutíma | Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri |
| Einn fulltrúi frá hverri deild auk leikskólaskólastjóra/aðstoðar- og sérkennslustjóra. | Miðlun | Miðlun daglegra upplýsinga s.s. fjarvera stafsfólks, viðburðir dagsins o.s.frv. | Alla morgna kl.9:00 | 5-10 mínútur daglega | Unnið á vinnutíma | Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri |
| Einn áhugasamur fulltrúi frá hverri deild auk leikskólaskólastjóra/aðstoðar- og eða sérkennslustjóra. | Nefndir og ráð | Nefndir og ráð leiða, samræma áherslur og meta starfið. Nefndirnar eru vettvangur fyrir virkar samræður um starfið, ígrundun, innra mat og skólaþróun. | Annar hvern mánudag 13:00-14:00 og einn föstudag í mánuði 10:00-11:00 | 60-75 mínútur hver fundur | Unnið á vinnutíma | Stjórnendur |
| Deildarstjórar | Samráðsfundur deildarstjóra | Vettvangur fyrir virkar samræður um starfið, handleiðslu, ígrundun, innra mat og skólaþróun. | Annar hvern mánudag 12:45-14:00 | 75 mínútur hver fundur | Unnið á vinnutíma | Deildarstjórar |
| Allt starfsfólk | Starfsmannasamtöl | Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans | vor 2024 | 30 mín pr. starfsmann | Unnið í vinnutíma | Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri |
| Nýtt starfsfólk | Nýliðfræðsla/samtöl | Stuðst við móttökuáætlun. | Fyrstu 3 mán. í starfi | ca 45 mín í hvert skipti | Unnið á vinnutíma | Leikskólastjóri og deildarstjóri |
| Leikskólakennarar | Fagfundir | Fræðilegar umræður og stefnumótavinna. | 1 x á önn | 2 klst. | Tekið af yfirvinnukvóta | Leikskólastjóri |

| Fylgiskjal 2 Símenntunaráætlun Álfaheiði 2023-2024 | | | | | | |
|--|-----------------------|---|-------------------|-------------------|--|--|
| Þátttakendur | Lýsing | Markmið | Dagsetning | Tímafjöldi | Kostnaður | Ábyrgð |
| Allir starfsmenn | Skipulagsdagur | Mat á skólastarfi- - deildarfundir - árgangafundir- aðalfundur starfsmannafélags- kosning trúnaðarmanna FL og SKF- önnur mál | 29. sept. 2023 | 8 tímar | Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn) | Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri |
| Allir starfsmenn | Skipulagsdagur | Öryggismál, skyndihjálparnámskeið, innleiðing breytinga á aðalnámskrá leikskóla, Deildir kynna hvernig unnið er með lífsmennt og Barnasáttmálann. | 15. nóv. 2023 | 8 tímar | Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn) | Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri |
| Allir starfsmenn | Skipulagsdagur | deildarfundir- Fræðsla um samþætta þjónustu og breytingar í leikskólamálum, börnin í fyrsta sæti- vinnustytting o.fl. | 2. jan. 2024 | 8 tímar | Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn) | Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri |
| Allir starfsmenn | Skipulagsdagur | deildarfundir- kynning á símenntun starfsfólks- leikefni kynningar- leikumhverfi, mat barna/Réttindaskóli | 12.mars 2024 | 8 tímar | Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn) | Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri |
| Allir starfsmenn | Skipulagsdagur | deildarfundir: mat á vetrarstarfi, unnið úr niðurstöðum starfsmannakönnunar og mótun umbótaáætlunar. | 10.maí 2024 | 8 tímar | Unnið í vinnutíma og frítíma starfsfólks | Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri |

Fylgiskjal 3

■ leikskólinn lokaður
■ skipulagsdagur /lokað samvera með foreldrum

Leikskólaladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: Álfaheiði

| Virðing | | Virðing | | Virðing | | Samvinna | | Samvinna | | Samvinna | | Abyrgð | | Abyrgð | | Abyrgð | | Þakklæti | | Þakklæti | | Þakklæti | |
|---------|--|-----------|----------------------------|---------|-------------------------------------|----------|---|----------|--|----------|-------------------------------------|---------|--------------------------|--------|------------------------|--------|----------------------|----------|-------------------------------------|----------|---------------------------------------|----------|-----------------------------|
| AGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | | FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAJ | | JÚNÍ | | JÚLÍ | |
| 1 Þ | Sunnudagur | 1 F | Aðlögun / Fagnarfundur | 1 S | | 1 M | Lesun saman | 1 F | Fúlvísisdagur-almenn Álfheiði, Þakklæti dagur | 1 M | Nýnisdagur | 1 F | | 1 F | Fagnarfundur | 1 M | Annar í Þakklæti | 1 M | Vekudagurinn | 1 L | | 1 M | |
| 2 M | Sunnudagur | 2 L | | 2 M | | 2 F | Lesun saman | 2 L | | 2 Þ | Skíplagsdagur | 2 F | | 2 L | | 2 Þ | | 2 F | Fagnarfundur nýtt gildi þakklæti | 2 S | Stönnunadagurinn | 2 Þ | |
| 3 F | Sunnudagur | 3 S | | 3 Þ | Almannadagur fyrirdrátturinn | 3 F | Lesun saman | 3 S | | 3 M | | 3 L | | 3 S | | 3 M | | 3 F | | 3 M | | 3 M | |
| 4 F | Sunnudagur | 4 M | Aðlögun | 4 M | | 4 L | | 4 M | | 4 F | | 4 S | | 4 M | | 4 F | | 4 L | | 4 Þ | | 4 F | |
| 5 L | | 5 Þ | Aðlögun | 5 F | | 5 S | | 5 Þ | | 5 F | Fagnarfundur / fréttun í ölin | 5 M | | 5 Þ | | 5 F | | 5 S | | 5 M | | 5 F | |
| 6 S | | 6 M | Aðlögun | 6 F | | 6 M | Lesun saman | 6 M | | 6 L | Fréttirinn | 6 Þ | Dagur ískólkans | 6 M | Fyrirhúsi dagur | 6 L | | 6 M | | 6 F | | 6 L | |
| 7 M | Fótbólur verslunarmarkaðs | 7 F | Aðlögun | 7 L | | 7 Þ | Lesun saman | 7 F | | 7 S | | 7 M | Dagur trúnaðarinn | 7 F | | 7 S | | 7 Þ | | 7 F | | 7 S | |
| 8 Þ | Sunnudagur | 8 F | Dagur ískólans /aðlögun | 8 S | | 8 M | Þakklæti dagur gign einnelti / Lesun saman | 8 F | Fagnarfundur / adventa | 8 M | | 8 F | | 8 F | | 8 M | | 8 S | Óvilt hús - stórtítt eða þema | 8 L | | 8 M | |
| 9 M | Sunnudagur | 9 L | | 9 M | | 9 F | Lesun saman | 9 L | | 9 Þ | | 9 S | | 9 F | Fagnarfundur | 9 L | | 9 Þ | | 9 S | | 9 Þ | Leikskólinn lokar kl. 13:00 |
| 10 F | Leikskólinn opnar eftir sumarfríi kl. 13:00 | 10 S | | 10 Þ | | 10 F | Almannadagur / Gullur dagur | 10 S | | 10 M | | 10 L | | 10 S | | 10 M | | 10 F | Skíplagsdagur | 10 M | | 10 M | Sunnudagur |
| 11 F | | 11 M | | 11 M | | 11 L | | 11 M | | 11 F | | 11 S | Dagur ískólans útrómanna | 11 M | | 11 F | | 11 Þ | | 11 S | | 11 F | Sunnudagur |
| 12 L | | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | | 12 Þ | | 12 M | Fréttir dagur | 12 M | Þakklæti dagur | 12 Þ | Skíplagsdagur | 12 F | Fagnarfundur | 12 S | | 12 M | Þakklæti dagur | 12 F | Sunnudagur |
| 13 S | | 13 M | | 13 Þ | Þakklæti dagur | 13 F | Lesun saman | 13 M | Þjóningarátt | 13 L | | 13 Þ | Sprengidagur | 13 M | | 13 F | | 13 M | | 13 M | Þjóningarátt | 13 L | |
| 14 M | Aðlögun | 14 F | | 14 M | | 14 Þ | Lesun saman | 14 F | | 14 S | | 14 M | Óskudagur | 14 F | Dagur starfshattarinn | 14 S | | 14 Þ | Þjóningarátt | 14 F | | 14 S | |
| 15 Þ | Aðlögun | 15 F | Græn dagur fagnarfundur | 15 S | | 15 M | Skíplagsdagur | 15 F | Fagnarfundur adventa | 15 M | | 15 F | | 15 F | Þjóningarátt | 15 M | | 15 M | | 15 L | | 15 M | Sunnudagur |
| 16 M | Aðlögun | 16 L | Dagur ískólans náttúra | 16 M | | 16 F | Dagur ískólans tunga Fagnarfundur | 16 L | | 16 Þ | | 16 F | | 16 L | | 16 Þ | | 16 F | | 16 S | | 16 Þ | Sunnudagur |
| 17 F | Aðlögun | 17 S | | 17 Þ | | 17 F | Lesun saman | 17 S | | 17 M | | 17 L | | 17 S | | 17 M | | 17 F | | 17 M | | 17 M | Sunnudagur |
| 18 F | Aðlögun / fagnarfundur nýtt gildi virðing | 18 M | | 18 M | | 18 L | | 18 M | | 18 F | | 18 S | | 18 M | | 18 F | | 18 L | | 18 Þ | | 18 F | Sunnudagur |
| 19 L | | 19 Þ | | 19 F | | 19 S | | 19 Þ | | 19 M | Fagnarfundur | 19 M | Vetrarhlíð | 19 Þ | | 19 F | | 19 S | Íbúðunumdagur | 19 M | | 19 F | Sunnudagur |
| 20 S | | 20 M | | 20 F | | 20 M | Dagur mannváðis þema | 20 M | | 20 L | | 20 Þ | Vetrarhlíð | 20 M | | 20 L | | 20 M | Annar í Húsbænum | 20 F | | 20 L | |
| 21 M | Aðlögun | 21 F | Þjóningarátt | 21 L | | 21 Þ | Lesun saman | 21 F | | 21 S | | 21 M | Þjóningarátt | 21 F | | 21 S | | 21 Þ | | 21 F | | 21 S | |
| 22 Þ | Aðlögun | 22 F | | 22 S | | 22 M | Lesun saman | 22 F | Fagnarfundur adventa | 22 M | Þjóningarátt | 22 F | | 22 F | Fagnarfundur | 22 M | Þjóningarátt | 22 M | | 22 L | | 22 M | Sunnudagur |
| 23 F | Aðlögun | 23 S | | 23 M | | 23 F | Lesun saman | 23 L | Ískólans | 23 Þ | | 23 F | Karlekaköttur | 23 L | | 23 Þ | | 23 F | Þjóningarátt fyrir nýja föndur | 23 S | | 23 Þ | Sunnudagur |
| 24 F | Aðlögun | 24 S | | 24 M | Þakklæti dagur | 24 F | Lesun saman | 24 S | Aðlögun / gildi | 24 M | | 24 L | | 24 S | Þakklæti dagur | 24 M | | 24 F | | 24 M | | 24 M | Sunnudagur |
| 25 F | Aðlögun | 25 M | | 25 M | Fagnarfundur nýtt gildi Samvinna | 25 L | | 25 M | Íbúðunumdagur | 25 F | | 25 S | Konudagur | 25 S | Þakklæti | 25 F | Sunnudagurinn fyrsti | 25 L | | 25 Þ | | 25 F | Sunnudagur |
| 26 L | | 26 Þ | Þakklæti dagurinn | 26 M | Vetrarhlíð | 26 S | | 26 M | Annar í ölin | 26 F | Þakklæti dagur nýtt gildi Abyrgð | 26 M | | 26 F | Þakklæti | 26 F | | 26 S | | 26 M | Þakklæti dagur þemata leikna (GTH) | 26 F | Sunnudagur |
| 27 S | | 27 M | | 27 F | Vetrarhlíð | 27 L | Lesun saman | 27 M | Jólahl | 27 L | | 27 Þ | | 27 M | Þakklæti | 27 L | | 27 M | | 27 F | | 27 L | |
| 28 M | Aðlögun | 28 F | | 28 L | Fyrsti vetrardagur | 28 Þ | Lesun saman | 28 F | Jólahl | 28 S | | 28 M | | 28 F | Skíplagsdagur | 28 S | | 28 Þ | | 28 F | | 28 S | |
| 29 Þ | Aðlögun | 29 F | Skíplagsdagur | 29 S | | 29 M | Lesun saman | 29 F | Jólahl | 29 M | | 29 F | | 29 F | Skíplagsdagurinn langi | 29 M | | 29 M | | 29 L | | 29 M | Sunnudagur |
| 30 M | Aðlögun | 30 L | | 30 M | | 30 F | Lesun saman | 30 L | | 30 Þ | | 30 L | | 30 L | | 30 Þ | | 30 F | | 30 S | | 30 Þ | Sunnudagur |
| 31 F | Aðlögun | 31 M | | 31 Þ | Þjóningarátt | 31 S | Þakklæti dagur | 31 M | Þakklæti dagur | 31 M | | 31 M | | 31 S | Þakklæti dagur | 31 F | | 31 F | | 31 M | | 31 M | Sunnudagur |

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Kópavogur 23.10.2023

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans Álfaheiði fyrir veturinn 2023-2024

Sem áður er starfsáætlunin virkilega vönduð og vel unnin sem gefur til kynna að faglegt og gott starf er unnið í leikskólanum Álfaheiði. Í starfsáætluninni kemur fram allt það helsta um starfið framundan og það sem gert hefur verið undanfarið. Spannandi tímar eru framundan í skólastarfinu svo sem markviss vinna sem réttinda skóli UNICEF, vinna í anda námsefnisins Lífsmenntar sem ýtir undir jákvæð gildi, áframhaldandi vinna með forvarnar verkefnið vinátta og vinna í anda Grænfánans svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru verðug verkefni sem mikilvægt er að vinna að í samstarfi við krakkana okkar. Einnig er foreldrafélagið spennt að sjá breytt umhverfi leikskóla í Kópavogi með nálguninni "barnið í fyrsta sæti" og þau áhrif sem hún mun hafa á faglegt starf leikskólans Álfaheiði. Foreldraráðið lýsir yfir ánægju sinni með starfsáætlunina og því góða starfi og verðugu verkefnum sem hún inniheldur.

Fyrir hönd foreldraráðs Álfaheiðar

Arnór Sveinn Aðalsteinsson

